

Ice Cave Guides ehf. / Ice Explorers  
Þröstur Þór Ágústsson  
Reynivellir 3  
781 Höfn í Hornafirði



FERÐA  
MÁL  
STOFA  
ICELANDIC  
TOURIST  
BOARD

Akureyri, 11. febrúar 2020  
Tilvísun: 2002013 / 02.02

### Efni: Ákvörðun og útgáfa leyfis ferðasala dagsferða

Ferðamálastofa hefur mótttekið umsókn og greiðslu frá **Ice Cave Guides ehf., kt. 470316-1950**, vegna útgáfu leyfis ferðasala dagsferða skv. lögum um [Ferðamálastofu nr. 96/2018](#). Samkvæmt innsendum gögnum eru skilyrði leyfis uppfyllt. Leyfið er ótímabundið og er gefið út með rafrænum hætti. Óheimilt er að reka starfsemina undir öðrum heitum en þeim sem fram koma í leyfinu. Ferðamálastofa heldur skrá yfir þá sem leyfi hafa og birtir hana á vef sínum. Rafrænt leyfisbréf er hér með gefið út og sent hér meðfylgjandi.

Leyfishafi hefur heimild til að setja saman, bjóða fram eða selja í atvinnuskyni til almennings skipulagðar ferðir sem falla ekki undir lög um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr. 95/2018. Leyfishafi skal kynna sér vel hvers konar starfsemi fellur undir lögum og ef hann hyggst bjóða upp á pakkaferðir eða hafa milligöngu um samtengda ferðatilhögun þarf hann að sækja um leyfi sem ferðaskrifstofa.


Starfsemi leyfishafa skal rekin á fastri starfsstöð. Heimilt er þó að víkja frá þessu skilyrði ef þjónusta er einungis rekin á rafrænan hátt og skal leyfishafi uppfylla skilyrði [6. gr. laga nr. 30/2002](#), um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, um það sem koma skal fram á heimasíðu. Leyfishafa er skylt að auðkenna sig með myndrænu númeruðu auðkenni frá Ferðamálastofu í hvers kyns auglýsingum um starfsemi sína og á vef sínum. Rafrænt auðkenni er sent leyfishafa samhliða útgáfu rafræns leyfisbréfs.

Vakin er athygli á því að samkvæmt 11. gr. laga nr. 96/2018 ber hver sá sem hyggst framkvæma skipulagðar ferðir innan íslensks yfirráðasvæðis ábyrgð á því að útbúa skriflega öryggisáætlun fyrir hverja tegund ferðar. Óheimilt er að bjóða til sölu, kynna eða miðla ferðum á nokkurn hátt ef öryggisáætlun liggur ekki fyrir. Nánari upplýsingar um öryggisáætlanir og gerð þeirra má nálgast á vef Ferðamálastofu.

Bent er á að oft er þörf á annars konar leyfi/leyfum samhliða leyfi ferðasala dagsferða. Nánari upplýsingar má nálgast á vef Ferðamálastofu (sjá upplýsingar um leyfi og löggjöf).

Bréf sent á netfangið: [breidamerkurferdir@gmail.com](mailto:breidamerkurferdir@gmail.com)

F.h. Ferðamálastofu,

  
Elin Svava Ingvarsdóttir, verkefnastjóri

*Ferðamálastofa bendir leyfishöfum á að kynna sér Vakann gæða- og umhverfiskerfi ferðaþjónustunnar. Markmiðið með Vakannum er að efla gæði og öryggi í ferðaþjónustu á Íslandi með handleiðslu og stuðningi, ásamt því að byggja upp samfélagslega ábyrgð ferðaþjónustufyrirtækja. Vakinn leggur þátttakendum til margvísleg hjálpargögn og gátlista sem má nýta til að bæta reksturinn og starfshætti í fyrirtækinu. Allar frekari upplýsingar er að finna á vefsíðunni [www.vakinn.is](http://www.vakinn.is) og má þar meðal annars finna gæðaviðmið fyrir ýmsar tegundir ferða.*

